

## Fundargerð

208. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn þriðjudaginn 28. maí 2019 að Furuvöllum 1, Akureyri, kl. 13.30.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta funda borin upp, samþykkt og undirrituð

#### 2. Ársreikningur 2018

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri kynnti ársreikning og fór yfir helstu atriði; rekstur ársins 2019 var í góðu jafnvægi. Ársreikningur var samþykktur og undirritaður.

#### 3. Sýnatökur í Eyjafirði og í Eiðisvatni á Langanesi; samstarf Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri skýrði frá sýnatökum í sjó og vatni um land allt m.t.t. til mengandi efna. Um er að ræða verkefni að Evrópskri fyrirmynd undir stjórn Umhverfisstofnunar. Á starfssvæði HNE verða tekin 1 sýni á mánuði í sjó út undir Svalbarðseyri í 12 mánuði og 1 sýni á mánuði í Eiðisvatni á Langanesi í 4 mánuði.

#### 4. Hreinsanir á lóðun, lausadót og númerslaus farartæki

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri skýrði frá lóðahreinsunum og aðgerðum gegn númerslausum bifreiðum í samstarfi við Akureyrarbæ, Svalbarðsstrandarhrepp og nokkur önnur sveitarfélög. Í einu tilfelli eru líkur á að leitað verði eftir dómsúrskurði til lóðahreinsunar með aðstoð lögreglu. Heilbrigðisnefnd vekur athygli á mikilvægi þess að öll sveitarfélög skipuleggi hreinsunaráttak að vori og oftast eftir þörfum með auglýsingum og hvatningu til íbúa og fyrirtækja. Mikilvægt er að sveitarfélögin eigi samning við verktaka sem geta fjarlægt og geymt lausadót og óskráð farartæki þegar eigendur eða umráðamenn lóða bregðast ekki við. Í dreifbýli kann að vera skynsamlegt að bjóða fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa safnað brotajárni og öðru lausadóti aðstoð til að flytja slíkt á brott, t.d. með því að leggja til gáma og flutning skv. nánara samkomulagi.

### Umsagnir:

#### 1. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis Rangárvalla, Akureyri

Alfreð Schiöth kynnti beiðni frá Akureyrarbæ um umsögn. Eftirfarandi var bókað:

Þe Heilbrigðisnefnd hefur kynnt sér tillögur að breytingum á deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis á Rangárvöllum í Akureyrarbæ dags. 10. maí 2019.

Í tillögunum kemur fram það markmið að starfsemi á svæðinu megi ekki hafa áhrif á rekstur nálæggra raforkuvirkja og vegna nálægðar við íbúabyggð

Giljahverfis skuli efna- og hljóðmengun frá lóðum 3 og 4 vera lítil og atvinnustarfsemi fullnægja ströngustu kröfum um mengunarvarnir.

Fram kemur að ekki er leyfilegt að geyma eða vinna efni utanhúss sem geta valdið loftmengun eða svifryki (svo sem möl, sand eða fínefni) og umgengni og umhirða skuli vera til fyrirmyndar.

Tryggja skal að fráveita frá starfsemi innihaldi ekki efni sem geta aukið hættu á sliti eða stíflum eða aukinni mengun í viðtaka.

Ákvæði eru um loftmengun (svif- og fallryk) og fyrirbyggjandi ráðstafanir. Þá eru ákvæði um vöktun m.t.t. loftgæða og hávaða, ásýnd og gróður og aðrar kvaðir.

Heilbrigðisnefnd lýsir ánægju með þessi markmið; sem er ætlað að tryggja hagsmuni nálægra raforkuvirkja og nálægrar íbúðabyggðar.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á mikilvægi þess að stilla betur saman markmið um litla hávaðamengun yfir í nálæga íbúðabyggð og þau mælanlegu viðmið sem fram koma í kafla 5.3.4. um hljóðvist (50 LAeq). Mikilvægt er að herða ákvæðin í kafla 5.3.4. til samræmis við skýr markmið um litla hávaðamengun í íbúðabyggð Giljahverfis; þannig að samræmi á milli markmiða og mælanlegra viðmiða verði tryggt. Lítil hávaðamengun er á bilinu 35 til 40 LAeq.

Heilbrigðisnefnd lýsir ánægju með ákvæði um vöktun m.t.t. hávaða og loftmengunar vegna starfsemi á lóð Rangárvalla 3 og 4 og áréttar mikilvægi þess að sá sem veldur mengun beri allann kostnað vegna slíkrar vöktunar og ráðstafana til forvarna og úrbóta.

Mikilvægt er að Akureyrarbær afli grunn gagna um þann hávaða og þá loftmengun sem er til staðar á svæðinu áður en að leyfisskyld starfsemi hefst á lóðum 3 og 4 á Rangárvöllum; þannig að bera meg saman gögn fyrir og eftir breytta hús- og lóðarnotkun og gera meg raunhæfan samanburð ef koma fram ábendingar um hávaða eða loftmengun í íbúðabyggð vegna atvinnustarfsemi á Rangárvöllum.

Heilbrigðisnefnd áréttar fyrra álit um mikilvægi þess að Akureyrarbær gefi ekki kost á að steypustöð verði reist og rekin á Rangárvöllum og að umsókn um leyfi skipulagsyfirvalda til að reisa og reka steypustöð á lóð 3 og 4 á Rangárvöllum verði hafnað afdráttarlaust. Að mati heilbrigðisnefndar er talsverð hættu á að rekstur steypustöðvar á Rangárvöllum valdi nálægum íbúum óþægindum og ama vegna hávaða og fok- og rykhættu, sérstaklega í suðvestan átt.

Það er mat heilbrigðisnefndar að mengunarhætta vegna reksturs á steypueiningaverksmiðju (sem treystir á aðflutta tilbúna steypu) er mun minni en vegna reksturs á steypustöð og eru ekki gerð athugasemd við áform skipulagsyfirvalda um að heimila rekstur á slíkri steypueiningaverksmiðju á Rangárvöllum að loknum skipulagsbreytingum; enda verði farið að skilyrðum um gott verklag og góða umgengni, ráðstafanir gerðar til að lagmarka hávaða, viðhafðar traustar mengunarvarnir og mótvægisáðgerðir til að tryggja góða ásýnd athafnasvæðis. Steypueiningaverksmiðjur eru skilgreindar sem mengandi starfsemi og háðar starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit nr. 550/2018.

Skipulagsyfirvöldum ber að stöðva rekstur steypueiningaverksmiðju á Rangárvöllum þar sem starfsemin samræmist ekki gildandi skipulagi (óleyfisstarfsemi).õ

## 2. Deiliskipulagstillaga fyrir Sunnuhlíð í Svalbarðsstrandarhreppi

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri kynni jákvæða umsögn.

## 3. Skipulagslýsing: Gerð nýs deiliskipulags fyrir útivistarsvæði O4 við Reyðarárhjúk, Norðurþingi.

Porkell Björnsson kynnti jákvæða umsögn.

### Umsóknir um starfsleyfi:

1. Landnámsegg ehf, kt. 511113-2290, Kríunesi, 630 Hrísey, umsókn um starfsleyfi fyrir hæsnabú (1.500 landnámshænur). **Samþykkt til 12 ára.**
2. BSB og synir ehf, kt. 660413-1380, Goðanesi 16, 603 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir bifreiðaverkstæði. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
3. Velli 10 ehf, kt. 690319-0980, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur á pylsuvagni í miðbæ Akureyrarbæjar. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
4. Böggvisbrauð kt. 440418-0310, umsókn um starfsleyfi fyrir bakarí að Böggvisstöðum 621 Dalvík. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
5. Gista apartments kt. 210976-2219, Gránufélagsgata 43, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á tveimur íbúðum. **Samþykkt til 12 ára.**
6. Gistiheimilið Pétursborg kt. 210976-2219, Pétursborg, 601 Akureyri, umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt til 12 ára.**
7. Verksmiðjan Restaurant kt. 471016-0390, Glerártorgi, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingastað. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
8. FCT ehf, kt. 410319-0470, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingahús, krá og kaffihús að Hafnarstræti 102, 600 Akureyri (áður Símsstöðin). **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
9. Sjallinn ehf kt. 410905-0510, umsókn um starfsleyfi fyrir Ölstofuna/Grillstofuna, Kaupvangsstræti 23, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
10. Norðanmatur ehf kt.54012-1410, Helluhrauni 17, 660 Mývatn. Fl III. umfangsmiklar áfengisveitingar Hafnarstétt 9, 640 Húsavík. Nýr rekstraraðili. **Samþykkt til 12 ára.**
11. A1882 ehf, kt. 650319-0520, Skólavegi 5, 680 Bakkafirði. FL III. gististaður með veitingum, þó ekki áfengisveitngum. **Samþykkt til 12 ára.**
12. Samkaup hf. Kjörbúðin Þórshöfn, kt. 571298-3769, Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn. Viðbót við rekstrarleyfi, fullbakstur á hálfbökudum eða hráum brauðum. **Samþykkt til 12 ára.**
13. Sigurður Hlynur Snæbjörnsson, kt. 090469-5849, Öndólfstöðum Þingeyjarsveit. FL II gististaður án veitinga. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
14. Veidifélag Laxár og Krákár kt. 470873-0199, Rimasíðu 20, 603 Akureyri. FL IV-Gististaður með áfengisveitingum, Hofi 660 Mývatnssveit Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**

15. Veiðifélag Laxár og Krákár kt. 470873-0199 Rimasíðu 20, 603 Akureyri FL  
IV-Gistisstaður að Rauðhólum með áfengisveitingum. Endurnýjun og nýtt  
húsnæði. **Samþykkt til 12 ára.**

### Önnur mál:

Efnishaugar við Glerárós: Umræða varð um kvartanar vegna sandfoks frá  
efnishaugum við ós Glerár. Heilbrigðisfulltrúa var falið að kanna málið og fylgja því  
eftir að gripið verði til viðeigandi úrbóta.

Framkvæmdastjóri skýrði frá fundi með Umhverisstofnun, Matvælastofnum,  
ráðuneytum og heilbrigðiseftirlitssvæðum sveitarfélaga sem var nýlega haldinn á  
Ísafirði.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.35.

---

Jón Ingi Cæsarsson

---

Alfreð Schiöth

---

Guðmundur Smári Gunnarsson

---

Þorkell Björnsson

---

Benedikt Kristjánsson

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Anna Rósa Magnúsdóttir

---

Steinn Oddgeir Sigurjónsson

---

Lilja Guðnadóttir

---

Kristín Halldórsdóttir